

12. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. júní 1978.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum
hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978:

	Ísl. kr. á lb. Cif.
Lausfrystur hörpudiskur	493.05
Blokkfrystur hörpudiskur	467.10

Verðbil verður 10%, miðað við verðlækkun eingöngu.

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði án verðbils, en greiðslur úr sjóðnum miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að frádragnum verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. júní 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski
fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1978:

Þorskur:	Ísl. kr. á lb. Cif.
4×14 m/r 5—8 oz	252.22
4×14 m/r 8—12 oz	258.05
4×14 m/r 12—16 oz	267.72
4×14 m/r 1—3 lbs.	271.60